

Bingskjal 714 – 468. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006.

Allsherja- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað skriflegra viðbragða mennta- og menningarmálaráðuneytis við athugasemdum umsagnaraðila, sem nefndinni hafa borist, skv. bréfi dags. 19. mars 2012. Fulltrúi ráðuneytisins sótti fund í Allsherja- og menntamálanefnda þann 26. mars síðastalinn, og þar komu frekari ábendingar frá nefndinni sjálfri. Fjallað er sérstaklega um þær ábendingar í þessu skjali og reynt að svara þeim eftir fremsta megni, háfi þær ekki komið fram í ábendingum.

Um er að ræða 17 umsagnir frá háskólum og ýmsum samtökum, og í þeim felast fjöldi ábendinga um efni greina frumvarpsins sem nú eru til endurskoðunar.

Hér að neðan eru viðbrögð ráðuneytisins við helstu athugasemdum umsagnaraðila, í þeirri röð sem þau bárust nefndinni. Sent í bréfi til ritara allsherja- og menntamálanefndar 16. apríl 2012.

Öryrkjabandalag Íslands

Almenn umsögn: Öryrkjabandalag Íslands fagnar nýju ákvæði um fatlaða í frumvarpinu.

Landssamtökin Þroskahjálp

Almenn umsögn: Fagna ákvæði um fatlaða og sérstaklega að vitnað sé til 24. greinar Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Viðskiptaráð Íslands

3. gr. Um rekstrarform háskóla. Viðskiptaráð gerir athugasemd við að orðið „hlutafélag“ sé fellt úr ákvæðinu og einnig er gerð athugasemd við það ákvæði að ekki skuli reka háskóla í ágóðaskyni.

Svar: Hér er ekki verið að leggja bann við að reka megi háskóla sem hlutafélag. Því mun ákvæðið ekki hafa nein áhrif á háskóla sem eru í dag reknir sem hlutafélög. Ekki er talin ástæða til að tilgreina hlutafélagiformið sérstaklega sem rekstrarform háskóla þar sem það er ekki tíðkanlegt í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Nauðsynlegt var talið að taka fram að háskólar skulu ekki verið reknir í ágóðaskyni. Þó að mögulegt sé að kveða á um í samþykktum hlutafélaga að arður skuli ekki greiddur til hluthafa eins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. 9. gr. hlutafélagalaga, er engu að síður talið mikilvægt að kveða á um það í lögum að háskólar skuli ekki reknir til fjárhagslegs ávinnings fyrir eigendur.

✓ Ekki lögð til breyting

10. gr. Um stjórnun háskóla. Viðskiptaráð gerir athugasemd við að rektor skuli vera formaður háskólaráðs þar sem það samræmist ekki lögbundnum markmiðum hlutafélagalaga.

Svar: Þetta ákvæði hefur í för með sér að háskólar sem reknir eru sem sjálfseignastofnanir eða hlutafélög þurfa að breyta samþykktum sínum í samræmi við ákvæðið. Til nánari skýringar þykir rétt að draga fram þann mun sem er á stjórnskipulagi hlutafélags og háskóla.

Í hlutfélagi er æðsta valdið í höndum aðalfundar sem haldinn skal árlega. Á þeim fundi eiga aðeins hluthafar eða fulltrúar þeirra málfrelsi og atkvæðarétt. Á aðalfundi hlutfélags fer fram kosning stjórnar sem skiptir með sér verkum. Stjórn hlutfélags annast stefnumótun og fjallar um meiri háttar ákvarðanir er varða félagið en ræður framkvæmdastjóra til að framfylgja stefnunni og annast venjulegan rekstur félagsins.

Í háskóla er æðsta vald í höndum háskólaráðs sem er jafningjasamkoma háskólasamfélagsins. Í háskólaráði eiga að jafnaði sæti fulltrúar fræðasviða hans, fulltrúar nemenda og starfsmanna, auk fulltrúa hagsmunaaðila sem kunna þar að eiga sæti en háskólaректор er formaður ráðsins. Fulltrúar nemenda og starfsmanna eru að jafnaði tilnefndir af hagsmunafélögum þeirra. Að jafnaði kemur háskólaráð saman mánaðarlega. Misjafnt er hvernig staðið er að ráðningu háskólarektors. Í opinberum háskólum er hann skipaður af ráðherra, eftir atvikum að undangengnu kjöri meðal starfsmanna og nemenda eða að undangenginni auglýsingu.

Rekja má aðild nemenda og starfsmanna háskóla til þeirrar lýðræðisbyltingar sem kennd er við stúdentamótmælin í Frakklandi í maí 1968. Segja má að sú bylting hafi haft viðtæk áhrif með þeim afleiðingum að nú er tryggð aðkoma nemenda, og eftir atvikum foreldra þeirra, á öllum skólastigum. Í Bologna-firlýsingu um háskólastarfsemi, sem Ísland undirritaði 1999, er lögð mikil áhersla á formlega aðkomu nemenda að öllum stjórnstigum í háskólum og hvatt er til þátttöku þeirra í gæðaeftirliti og fleiri þáttum háskólastarfs. Þar er hvatt til að lögfasta skuli aðkomu nemenda.

Við samanburð á stjórnskipulagi hlutfélaga og háskóla eins og því er lýst hér að framan er ljóst að það samræmist afar illa stjórnskipulagi háskóla að láta venjulega stjórn í hlutfélagi gegna hlutverki háskólaráðs, enda er lýsing á hlutverki stjórnar í hlutfélagi í 68. gr. hlutfélagalaga gjörólík hlutverki háskólaráðs. Að þessu leyti væri nær að líkja valdsviði háskólaráðs við aðalfund í hlutfélagi en ljóst er að stjórn hlutfélags er ekki ætlað svo viðtækt valdsvið í hlutfélagalögum.

Að mati ráðuneytisins er ekkert því til fyrirstöðu að stjórnarmenn í hlutfélagi sem er eigandi háskóla eigi einnig sæti í háskólaráði, en í því tilviki er mikilvægt að skipta verkum á milli stjórnar hlutfélagsins og háskólaráðsins á þann hátt að stjórnin fjalli um rekstur og fjárhagsmálefni en háskólaráðið fjalli um akademískan hluta háskólastarfseminnar.

Markmiðið með ákvæðinu er að efla lýðræðislegt stjórnunarfyrikomulag háskóla óháð rekstrarformi. Eðlilegt þykir að í íslensku háskólakerfi gegni „háskólaráð“ alls staðar sambærilegu hlutverki óháð rekstrarformi háskóla, að aðkoma nemenda og kennara sé tryggð og að án nokkurs vafa sé rektor háskóla talsmaður, þar með sem formaður háskólaðaráðs.

Að mati ráðuneytisins má gera skýrari greinarmun á hlutverkum stjórnar hlutfélagsins annars vegar og háskólaráðs hins vegar. Það geta að hluta til verið sömu aðilar sem sitja í þessum tveimur stjórnnum en þegar háskólaráð fundar mun það vera rektor (rektor sem ráðinn er af stjórn hlutfélagsins) sem stýrir fundi og aðkoma kennara og nemenda er tryggð.

Ráðuneytið tekur undir ábendingu Viðskiptaráðs um að sérstök stjórn hlutfélagsins veiti eftirlit og aðhald með rekstri skóla en í samþykktum eða stofnskjölum verði háskólaráð skilgreint þar í samræmi við það sem fram kemur í breytingatillögum. ***Þar af leiðir að taka skal út heitið „stjórn“ í ákvæðinu, til að gera greinarmun þar á og skýra skal tilganginn betur í greinargerð.***

Setja má í bráðabirgðarákvæði tillögu um aðlögunartíma fyrir háskóla í allt að tvö ár til að breyta samþykktum eða stofnskjölum sínum í samræmi við framangreint lagaákvæði.

✓ Lögð framangreind breyting

12. gr. Um hæfnikröfur til háskólakennara, þ.e.a.s. doktorspróf

Svar: Í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við er doktorspróf nær undantekningalaust viðmið við ráðningu í fastar stöður í háskólum. Rætt hefur verið um að á ákveðnum fræðasviðum séu mjög fáir háskólamenn með doktorspróf og því ógerlegt að uppfylla þetta lagaákvæði. Hugmyndafræðin að baki tillögnum er sú að þegar staða er auglýst og engin sækir um með doktorsnám verði ráðinn sá kennari sem hafi jafngilda menntun og reynslu, að mati dómnefndar. Þó er gengið út frá því að þeir sem hafa doktorspróf (heiti gráðu geta verið mismunandi) muni alla jafna ganga fyrir við ráðningu, en þó kann niðurstaðan í ákveðnum tilfellum að verða sú að umsækjandi með annarskonar menntun og reynslu verði talinn hæfari á sínum eigin forsendum, meti dómnefndin það svo. Ráðuneytið telur mikilvægt að í fastar kennslu- og rannsóknarstöðum í háskólum séu eingöngu ráðnir þeir sem hafa aflað sér rannsóknarmenntunar sem hafi til að bera þann fræðilega undirbúning sem þarf til að sinna rannsóknum og miðla þeim niðurstöðum til nemandanna í kennslu.

Til að koma til móts við ábendingar umsagnaradila er lagt til að breyting verði gerð á ákvæðinu, í samræmi við tillögu í umsögn Háskólans í Reykjavík. Sjá í umfjöllun um athugasemdir frá háskólanum.

✓ Lögð til neðangreind breyting

13. gr. Um að heimild til að samræma innritun o.fl. sé of opin

Svar: Í flestum löndum sem við berum okkur saman við er samræmt innritunarkerfi í háskólum, þ.e.a.s. innritun er miðlæg, enda er inntaka í háskóla með öðrum hætti en hér á Íslandi. Ráðuneytið telur mikilvægt að geta kveðið á um ákveðna samræmingu við innritun og í umsóknarferlinu og um inntöku nemenda, einkum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og til að tryggja aukið gegnsæi í ferlinu. Ráðuneytið hefur nú engin tæki til að fylgjast með umsóknum í háskólum með samræmdum hætti, þ.e.a.s. hversu margir sækja um, í hvaða nám og hverjir eru teknir inn, né hvaða nemendur og með hvaða menntunarlegan bakgrunn komast ekki inn í háskóla. Ráðuneytið vill benda á að stjórnvöld fjármagna bæði opinbera og einkaháskóla og því er um stjórnvaldsákvörðun að ræða þegar nemendur eru teknir inn í háskóla, og því er eðlilegt að ráðuneytið þurfi að hafa vitneskju um innritunarmál. Ráðuneytið hefur engan áhuga á persónugreinanlegum upplýsingum í þessu samhengi, en þarf að lágmarki að vita hvernig þettað ferli á sér stað.

- Til að gæta að sanngirnissjónarmiðum leggur ráðuneytið til ***að í greinargerð verði sett inn setning um að slík reglugerð verði gerð í samráði við háskóla.***

✓ Lögð til framangreind breyting

Sigríður Ólafsdóttir, Sól ráðgjöf og Gunnlaugur Björnsson, Raunvísindastofnun

2. gr. Sigríður Ólafsdóttir, Sól ráðgjöf og Gunnlaugur Björnsson, Raunvísindastofnun gera athugasemdir við að ekki sé gerður greinarmunur á „rannsóknarháskóla“ og „kennsluháskóla“ auk annarra efnisatriða.

Svar: Ábendingar þeirra fjalla fyrst og fremst um að umbreyta háskólakerfinu með því að skipta því upp og að stjórnvöld ákveði verkaskiptinu milli þeirra, þ.e. hvað varða hlutverk skóla í kennslu og rannsóknum. Ábendingar við einstaka greinar tengjast beint eða óbeint framangreindum viðhorfum.

Slík aðgreining hefur ekki verið í stefnu stjórnvalda, hvorki áður né hingað til, heldur hefur það verið stefnan að heildstæð lög gildi um alla háskóla. Eins og fram kemur í hlutverkalýsingu þá segir: „*Að menntun sem háskólar veita getur veriðfræðilegs eðlis og starfsmiðun*“. Hvað varðar flokkun háskóla er bent á 3. gr. laga um háskóla, en í lokamálgrein hennar segir: „*Ráðherra skal setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu*“. Ákvæðið opnar möguleika á að gera ákveðna aðgreiningu á háskólum. Slík reglugerð hefur ekki verið sett, og mikil tregða er um slíka flokkun, einkum hjá minni háskólunum. Reglugerðin er þó til í drögum.

✓ Ekki lögð til breyting

Samtök atvinnulífsins gera athugasemdir við nokkra greinar

2. gr. Um ákvæði í 2. gr. um „hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi“. Fremur ætti að kveða á um hagsmuni samtímans að leiðarljósi.

Svar: Fræðileg hugsun horfir í eðli sínu til langs tíma og háskólar eiga að skapa þekkingu sem nýtast á komandi kynslóðum. Önnur ákvæði í lögnum taka sannanlega tillit til samtímans, sbr. 2. gr. laganna: „*Menntun, sem háskólar veita tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni*“.

✓ Ekki lögð til breyting

10.gr. Athugasemd er gerð við að rektor sé jafnframt formaður háskólaráðs og um hæfiskilyrði rektors. Jafnframt um hæfiskilyrði starfsfólks háskóla.

Svar: Hvað varðar hæfiskilyrði rektors er lög til breyting, sbr. athugasemd frá Háskólanum á Hólum hér síðar í skjalinu. Sjá jafnframt umræðu um stöðu rektors sem formanns háskólaráðs í tilefni af athugasemdum Viðskiptaráðs Íslands hér að framan.

✓ Lögð til neðangreind breyting

Listaháskóli Íslands gerir athugasemdir við margar greinar frumvarpsins

1. gr. Um þátttöku í lýðræðissamfélagi

Svar: Hér er átt við að tryggja skuli að háskólanemar öðlist þekkingu á þeim siðferðilegu álitamálum sem tengjast fræðunum sem þeir leggja stund á um leið og þeir læra að axla ábyrgð sem fylgir því að búa í lýðræðissamfélagi. Ekki er óalgengt í lögum um háskóla að svo háleit markmið séu sett fram, enda hafa flestir háskólar nú þegar lagt áherslu á þessa þætti.

✓ Ekki lögð til breyting

1.gr. Um upptalningu í d lið. Listaháskólinn telur að í upptalningu ætti að vera heitið: listir.

Svar: Lagt er til að í upptalningu d. liðar verðir bætt við heitinu listir og hljóði þá eftirfarandi: „*Háskólar ráði skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun vísinda, lista og fræða*“.

✓ Lögð til framangerind breyting

2. gr. Um fræðasvið háskóla

Svar: Skilgreining á fræðasviðum háskóla er eftir viðukenndum stödlum frá OECD (Frascati-Manual) og eru þau enn í fullu gildi. Á sínum tíma þótti skilgreining fræðasviða of víð og því var sett inn í reglur um viðurkenningu háskóla að skólar skyldu viðurkenndir á fræðasviðum og **undirflokkum** þeirra. Í breytingum núverandi frumvarps er sett in ákvæði um undirflokka svo skilgreining fræðasviða sé skýrari.

✓ Ekki lögð til breyting

9. gr. Um innlenda og erlenda sérfræðinga

Svar: Tekið er undir ábendingar um að óþarfi sé að tilgreina þjóðerni fulltrúa. Greinin mætti hljóða svo: ***Framkvæmd ytra mats skal falin óháðum aðila. Að því mati skulu koma óháðir sérfræðingar og fulltrúi nemenda.***

✓ Lögð til framangreind breyting

10. gr. Um stjórn og háskólaráð og hæfiskilyrði rektors

Svar: Vísað er í svar við athugasemdum Viðskiptaráðs, ásamt fylgiskjali um stjórnir og háskólaráð.

11. gr. Um háskólafund. Sjá skýringar á frumvarpi til laga um háskóla.

Svar: Háskólafundum er ætlað að vera vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og því mikilvægt að tekið sé sérstaklega fram að rektor stýri þeim fundum. Gert er ráð fyrir að háskólaráð hvers hákóla ákveði nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafrunda og hafa háskólaráðin frjálssar hendur í þeim efnum en með því að tryggja að slíkir fundir séu haldnir er skapaður vettvangur fyrir lýðræðislega umræðu og skoðanaskipti innan skólanna. Algennt er í alþjóðlegu samhengi að háskólar haldi slíka fundi (**e.** Univeristy assembly).

✓ Ekki lögð til breyting

12. gr. Um kröfur um doktorspróf í háskólum

Svar: Vísað er til svars við athugasemdum Viðskiptaráðs Íslands og teknar upp tillögur frá Háskólanum í Reykjavík. Sjá umfjöllun um athugasemdir skólans hér neðan í skjalinu.

13.gr. Um fyrirkomulag innritunar

Svar: Vísað er í svar við athugasemdum frá Viðskiptaráði Íslands. Þar kom fram sú tillaga að setja í ***greinargerð með ákvæðinu að fyrirkomulag innritunar o.fl. yrði einungis gert í samráði við háskóla.*** Ráðuneytið gerir sér fulla grein fyrir sérstöðu Listaháskólans hvað þetta varðar. Eigi að síður er mikilvægt að yfirlit yfir umsóknir sé heildstætt og gegnsætt.

✓ Lögð til framangreind breyting

13.gr. Um aðfaranám

Svar: Sumir háskólar hafa til langs tíma rekið aðfaranám eða svokallað „*frumgreinanám*“ fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning til að fá inngöngu í háskóla og hafa náð ákveðnum aldri. Þar sem um er að ræða nám á framhaldskólastigi er talið viðeigandi að settur sé rammi utan um námið er varðar námskrá og einingar. Í framhaldi af þeirri vinnu er mögulegt að gerðar verði breytingar á frumgreinanáminu, það fellt inn í framhaldsskólana og þá lagt niður innan háskóla.

✓ Ekki lögð til breyting

Kennarasamband Íslands

Almenn umsögn: Kennarasamband Íslands tekur undir ákvæði um fræðilegt sjálfstæði, þátttöku nemenda og kennara í stjórnun skóla og bætt réttindi fatlaðra.

13. gr. Um aðfaranám

Svar: Lagt er til að í 13. gr. verði kveðið fastara að orði um reglugerð um aðfaranám, þannig í stað þess að „heimilt“ komi „skal“. Ráðuneytið telur að nægjanlegt sé að kveða á um heimild ráðherra í þessu tilviki.

✓ Ekki lögð til breyting

Háskólinn á Hólum kemur með ábendingar um nokkrar greinar frumvarpsins

10. gr. Um hæfi háskólarektors

Svar: Tekið eru undir athugasemdir Hólaskóla og er lagt til eftirfarandi breyting á ákvæðinu: „*Rektor er formaður háskólaráðs og stýrir fundum ráðsins. Hann skal uppfylla kröfu 1. mgr. 18. gr. sem háskólakennari á einu eða fleiri viðurkenndum fræðasviðum viðkomandi skóla.*“

✓ Lögð til framangreind breyting

12. gr. Um hæfiskilyrði háskólakennara

Svar: Ekki er fallist á að í lögum skuli tiltekin undanþága á tilteknum fræðasviðum frá almennum hæfiskilyrðum háskólakennara. Það yrði óljóst og ógegnsætt í framkvæmd. Sjá viðbrögð við athugasemdum Háskólans í Reykjavík.

✓ Lögð til neðangreind breyting

Háskólinn á Bifröst kemur tekur undir flest nýju ákvæðin í frumvarpinu

14. gr. Háskólinn á Bifröst gerir athugasemdir um verkaskiptingu háskóla. Sjá svar við athugasemd Háskóla Íslands við 14. gr.

Háskólinn í Reykjavík gerir einkum athugasemdir við tvær greinar

10. gr. Um að rektor sé formaður háskólaráðs

Svar: Vísað er í svar við athugasemdum Viðskiptaráðs, ásamt fylgiskjali

12. gr. Um hæfiskilyrði háskólakennara

Svar: Lagt er til að taka að mestu leyti inn ábendingar Háskólans í Reykjavík hvað þetta varðar. Tillaga um breytingu á ákvæðinu: „*Þeir sem bera framangreind starfsheiti skulu hafa lokið doktorsprofi eða hafa jafngilda þekkingu reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið á hverju fræðasviði, staðfest með álitni dómnefndar.*“

✓ Lögð til framangreind breyting

Háskóli Íslands kemur með ýmsar ábendingar á einstaka greinar frumvarpsins

2. gr. Um viðurkenningu og flokkun háskóla

Svar: Vísað er til svars við athugasemdum SÓ og GB varðandi flokkun háskóla hér að framan. Ekki er tekið undir þá ábendingu að bæta skuli við setninguna „*eða bjóða upp á nám á háskólastigi*“. Með því væri verið að takmarka þróun háskólanáms, m.a. á háskólastigi í öðrum skólum en viðurkenndum háskólum, s.s. listaskólum.

✓ Ekki lögð til breyting

6.gr. Um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða

Svar: Tekið er undir ábendingar Háskóla Íslands að vissu marki. Tilgangur ákvæðisins var reyndar ekki að vera íþyngjandi, heldur að ráðuneytinu bærust upplýsingar um nýjar námsleiðir þegar slíkar væru settar á fót, því oft felst í því aukinn kostnaður og jafnvel tvítekning í háskólakerfinu. Því er lagt til að breyting verði á ákvæðinu á þessa leið. „*Við undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða skal háskóli senda upplýsingar til ráðuneytis þar sem kemur fram að námið uppfylli viðmið um æðri menntun og profgráður*“.

✓ Lögð til framangreind breyting

8.gr. Um viðurkenningu náms

Svar: Háskóli Íslands leggur til að í 10. gr. frumvarpsins bætist við ný setning svohljóðandi: *Farið skal að alþjóðlegum samningum um viðurkenningu á háskólamenntun og hæfi sem íslenska ríkið er aðili að.* Það er að meinalausu að bæta við þessari setningu ef nefndin telur rétt að gera svo, en ráðuneytið telur þó æskilegra að segja **íslensk stjórnvöld** í staðinn fyrir íslenska ríkið.

✓ Lögð til framangreind breyting

13. gr. Um aðfaranám

Svar: Vísað er í svar við athugasemdum Listaháskóla Íslands um aðfaranámið. Ekki er tímært að fella ákvæði um aðfaranám úr lögnum, þar sem slíkt nám er nú þegar rekið af háskólum og ber Háskóli Íslands m.a. faglega ábyrgð á frumgreinanáminu í Keili.

✓ Ekki lögð til breyting

13.gr. Um réttindi fatlaðra

Svar: Við kostnaðarmat fjármálaráðuneytis var á frumvarpinu kom fram það álit að slíkt ákvæði hefði ekki í för með sér aukinn kostnað, þar sem háskólar hafa hingað til greitt fyrir þessa þjónustu sjálfir. Þó er ljóst að æ fleiri fatlaðir nemendur og aðrir með sértæka námsörðugleika eru að útskrifast úr framhaldsskólum um þessar mundir og því má búast við almennt auknum kostnaði vegna fatlaðra í háskólanámi. Einnig er ljóst þegar að

réttur fatlaðra til þjónustu í háskólanámi er lögfestur og verður meiri krafa á þjónustu háskólanna vegna þessa. Ráðuneytið mun í samstarfi við háskólanna fara sérstaklega yfir mál og stöðu fatlaðra í háskólanámi og ræða þau mál á grundvelli samninga sem við háskólana eru gerðir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að kostnaður háskólann vegna ákvæða um fatlaðra og annarra með sérstæka námsöðrugleika fallinn innan fjárheimilda skólanna.

✓ Ekki lögð til breyting

14. gr. Um kennslu og rannsóknir á afmörkuðum sviðum

Svar: Sambærilegt ákvæði er í 3. gr. laga um opinbera háskóla og þótti viðeigandi að slíkt ákvæði ætti við um alla háskóla. Heimildin byggist á því að hún verði nýtt til þess að tryggja að háskólastarfsemi eigi sér stað í greinum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskt skólasamfélag. Er þar iðulega um fámennar greinar að ræða sem mikilvægt er að hafi kjölfestu í stefnumörkun og ákvörðun stjórnvalda. Í greinargerð segir á að ráðherra geti skipt kennslu og rannsóknum milli skóla eftir styrkleika þeirra. Hér er átt við möguleikann á að ef að taka á upp nýtt nám þá sé edlilegt að sá skóli sem hafi mestan styrk á því fræðasviði bjóði upp á það nám, nærtækt dæmi er nám í túlkun og þýðingum. Einnig að stjórnvöld geti haft á fylgst með að ekki séu allir háskóla að bjóða fram nám í fámennum og dýrum greinum, s.s. tannlækningum eða leiklist. **Það má bæta við skýringar í greinargerð með frumvarpinu, óski nefndin eftir því.**

✓ Lögð til framangreind breyting

20. gr. um ríkisfang utan EES

Svar: Tekið er undir með Háskóla Íslands að taka þessa setningu út enda mun verða tekið á slíkum þáttum í endurskoðun laga um opinbera háskóla. **Taka út setningu.**

✓ Lögð til framangreind breyting

Háskólinn á Akureyri kemur með nokkrar ábendingar

12. gr. Um kröfu til doktorsprófs fyrir lektora.

Svar: Það er ekkert því til fyrirstöðu að nýta jafngilda þekkingu og hæfni hvað varðar lektora. Undantekningar vegna ólíkra starfsheita í háskólum er ekki æskileg, enda er Háskólinn á Akureyri ekki að fara fram á það.

✓ Ekki lögð til breyting

14. gr. Gerir athugasemdir við 14. gr. um að ráðherra sé heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum.

Svar: Vísað er til umfjöllun við athugasemdum Háskóla Íslands við sama ákvæði.

✓ Ekki lögð til breyting

Félag prófessora við ríkisháskóla kom fram með efnislegar athugasemdir

10. gr. Um hæfi rektors

Svar: Vísað er til svara við öðrum athugasemdum um þessa breytingu, sbr. svar við athugasemdum Háskólans á Hólum.

16. gr. um formann Háskólafundar

Svar: Ekki er tekið undir tillögur félags prófessora að formaður háskólafundar skuli vera annar en rektor, sbr. svar við athugasemdum Listaháskóla Íslands um Háskólafund. Ekki er við hæfi að Háskólafundur kjósi sér annan til að stýra fundi en háskólarektor.

✓ Ekki lögð til breyting

Hópur tónlistafólks sem lokið hefur doktorsprófi í tónlist og tónlistartengdum greinum

10. gr. Um hæfisskilyrði háskólakennara

Svar: Í athugasemdum hópsins kemur fram mjög sterk skoðun á því að það megi alls ekki undanskilja kröfur um doktorspróf þegar kemur að ráðningu í fastar stöðu í háskólum í tónlist (og listum). Bendir hópurinn m.a. á þær gæðaúttektir sem gerðar hafa verið á Listaháskóla Íslands þar sem ítrekað hefur verið bent á að menntun kennara sé ábótavant. Reyndar leggja þau til að rekstrarform Listaháskóla Íslands verði endurskoðað og að úr lögum falli jafnframt heitið sjálfseignastofnun. Hvað varðar hæfið þá er bent á tillögur í svari við athugasemdum Listaháskóla Íslands.

✓ Ekki lögð til breyting

Blindrafélagið

Almenn umsögn: Blindrafélagið fagnar ákvæði um fatlaða.

Frá fundi með allsherjar- og menntamálanefnd þann 26. mars 2012

Svör við athugasemdum hér að framan svara að mestu leyti því sem fram kom á fundi með allsherja- og menntamálanefnd.

Þó var spurt sérstaklega um þá aðgreiningu á þjónustu sem kemur fram í 13. gr. milli fatlaða annars vegar og þeirra sem hafa sértæka námsörðugleika hinsvegar. Sérstök lög er um málefni fatlaðra, nr.59/1992. Þar er fötlun skilgreind og því hafa þeir einstaklingar sem þannig eru skilgreindir meiri rétt á þjónustu í háskólum en þeir sem hafa sértæka námsörðugleika sem er ekki skilgreindir sem fötlun skv. lögum, en sannanlega getur verið ákveðinn fötlun fyrir einstakling í háskólanámi sé hann haldinn t.d. lesblindu. Sama á við um ýmsar þroskahamlanir sem teljast í sjálfu sér ekki vera fötlun skv. lögum nr. 59/1992 en leiða óvægjanlega til námsörðueika, eins og t.d. athyglisbrestur og ofvirkni (ADHD).

Ábending þingmanns er hins vegar mikilvæg og lagt til að bætt verði við greinargerðina hvers vegna slíkur mismunur kemur fram.

✓ Lögð til framangreind breyting